

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 301/2013

2013/EES/56/42

frá 27. mars 2013

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskila-  
staðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar  
árlegar endurbætur á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, tímabilið 2009–2011 (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusam-  
bandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB)  
nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra  
reikningsskilastaðla<sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB)  
nr. 1126/2008<sup>(2)</sup> voru samþykktir alþjóðlegir staðlar og  
túlkningar sem voru fyrir hendi 15. október 2008.
- 2) Þann 17. maí 2012 gaf Alþjóðareikningsskilaráðið (e. *IASB*)  
út endurbætur á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum  
(e. *IFRS*) tímabilið 2009–2011 („endurbæturnar“),  
í ramma sínum um reglulegt endurbótaferli sem  
miðar að því að einfalda og skýra staðlana. Markmið  
endurbótanna er að taka á nauðsynlegum mállefnum, sem  
eru þó ekki áriðandi, sem Alþjóðareikningsskilaráðið  
ræddi á verkefmatímabilinu, sem hófst árið 2009, um  
svið þar sem er ósamræmi að því er varðar alþjóðlega  
reikningsskilastaðla (e. *IFRS*) eða þar sem þörf er á nánari  
útlístu á orðalagi. Þrjár endurbótanna, nánar tiltekið  
breytingarnar á viðbæti D við IFRS-staðal 1, alþjóðlegan  
reikningsskilastadal IAS-staðli 16 og IAS-staðli 34, eru  
nánari útlístu eða leiðréttingar á viðkomandi stöðlum.  
Hinar þrjár endurbæturnar, nánar tiltekið breytingarnar  
á IFRS-staðli 1, IAS-staðli 1 og IAS-staðli 32, fela í sér  
breytingar á gildandi kröfum eða viðbótarleiðbeiningum  
um framkvæmd á þessum kröfum.
- 3) Með samráði við hóp tæknisérfræðinga (e. *TEG*) Evrópsku  
ráðgjafarnefndarinnar um reikningsskil (e. *EFRAG*)  
er það staðfest að endurbæturnar uppfylli tæknilegu  
skilyrðin fyrir innleiðingu sem eru sett fram í 2. mgr. 3. gr.  
reglugerðar (EB) nr. 1606/2002.
- 4) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1126/2008 til  
samræmis við það.
- 5) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð,  
eru í samræmi við álit stjórnendurinnar um reikningsskil,

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjórnartíðindi ESB L 90, 28.3.2013, bls. 78. Hennar var getið  
í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 178/2013 frá 4. október 2013  
um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, biður  
birtingar.

(1) Stjórnartíðindi ESB L 243, 11.9.2002, bls. 1.

(2) Stjórnartíðindi ESB L 320, 29.11.2008, bls. 1.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1126/2008 er breytt sem  
hér segir:

- 1) IFRS-staðli 1, *innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla*,  
er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa  
reglugerð.
- 2) Alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS-staðli 1, *framsetning  
reikningsskila* er breytt eins og fram kemur í viðaukanum  
við þessa reglugerð.
- 3) IFRS-staðli 1, *innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla*  
og IAS-staðli 34, *árshlutareikningsskil*, er breytt í samræmi  
við IAS-staðal 1 eins og fram kemur í viðaukanum við  
þessa reglugerð.
- 4) IAS-staðli 16, *varamlegir rekstrarfjármunir*, er breytt eins  
og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 5) IAS-staðli 32, *fjármálagerningar: framsetning*, er breytt  
eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 6) Túlkun alþjóðlegru túlkunarnefndarinnar um reikningsskil  
IFRIC-túlkun 2, *hlutir félagsaðila í samvinnueiningum  
og sambærilegir gerningar* er breytt í samræmi við IAS-  
staðal 32 eins og fram kemur í viðaukanum við þessa  
reglugerð.
- 7) IAS-staðli 34, *árshlutareikningsskil*, er breytt eins og fram  
kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Félög skulu beita breytingunum á stöðlunum, sem vísað er  
til í 1. gr., eigi síðar en frá og með upphafsdagsetningu fyrsta  
fjárhagsárs þeirra sem hefst 1. janúar 2013 eða síðar.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í  
Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. mars 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti,*

José Manuel BARROSO

---

## VIÐAUKI

## ALÞJÓÐLEGIR REIKNINGSSKILASTADLAR

IFRS 1	IFRS-staðall 1, <i>inleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla</i>
IAS 1	IAS-staðall 1, <i>framsetning reikningsskila</i>
IAS 16	IAS-staðall 16, <i>varanlegir rekstrarffármunir</i>
IAS 32	IAS-staðall 32, <i>ffjármálagæringar: framsetning</i>
IAS 34	IAS-staðall 34, <i>árshlutareikningsskil</i>